BIRTA

við varðeldinn

INNGANGUR

Söngur og skátastarf hafa löngum verið óaðskiljanlegir förunautar. Söngnum má líkja við neistann, sem tendrar eldinn - glóðina, sem gefur ylinn og bálið sem brýst í gegnum allar torfærur. Söngurinn er vel fallinn til þess að veita mönnum útrás á heilbrigðan hátt, hann eyðir leiða, úlfúð og óvild en eykur gleði og góðvild.

Nú hefur um nokkurt skeið verið skortur á handbærri söngbók fyrir skáta og hefur nú verið að nokkru leyti bætt úr því með útgáfu þessarar bókar, BIRTA VIÐ VARÐELDINN - I. Hugmyndin er sú að þessi bók verði sú fyrsta í röð bóka sem innihalda ýmis konar sönglög, innlend sem erlend.

En BIRTA er ekki eingöngu hugsuð sem söngbók heldur er hún um leið kennslubók í undirstöðuatriðum gítarleiks. Aftast í bókinni er kafli sem helgaður er gítarkennslu og gítaræfingum. Er það vonandi að nú muni fjöldi gítarleikara innan hreyfingarinnar fara ört vaxandi, enda er þetta skemmtilega og hentuga hljóðfæri víða til.

Allir söngvarnir í bókinni eru hljómsettir þannig að auðvelt er fyrir gítarleikara að spila undir. Hljómsetningu annaðist undirritaður og naut við það verk aðstoðar gítaristans glaðlynda Ævars Aðalsteinssonar og á hann þökk skilið fyrir.

Það er von mín að þessi bók muni gagnast vel og verða til þess að auka á hróður söngs og tónlistar í skátastarfinu.

Með skátakveðju,

Efnisyfirlit

Inngangur 1
Nokkur heilræði 2
Hvernig á að halda á gítarnum 4
Strengirnir 5
Að stilla gítarinn 6
Efnisyfirlit söngva 8
Skátasöngvar 10
Skátahróp 42
Hugmyndir að kvöldvökum 44
Gítarœfingar og grip 46
Efnisyfirlit 58

NOKKUR HEILRÆÐI

1. Líkaminn á að vera eins afslappaður eins og hægt er, þó sérstaklega axlir og hendur. Ef þessir líkamshlutar eru stífir þreytist þú fyrr og erfiðara verður að einbeita sér að gítarleiknum.

2. Hreyfðu vinstri höndina sem minnst þegar þú skiptir um hljóma. Þannig ganga skiptingar hraðar fyrir sig og ekki er nauðsynlegt að hætta að slá þegar skipt er um grip.

3. Áður en byrjað er að spila undir söng er nauðsynlegt að slá einu sinni þann hljóm sem lagið byrjar á svo að þeir sem ætla að syngja viti í hvaða tóntegund lagið er. Ef þetta er ekki gert er hætta á þú getir ekki spilað undir.

4. Varastu að spila í þeim tóntegundum sem henta hópnum illa, t.d. of hátt eða of lágt. Þetta heyrir þú strax eftir fyrsta lagið og þá er um að gera að laga sig strax að tónhæð hópsins ef ná á upp kraftmiklum söng. Ef þú hefur ekki fullt vald á öllum gripunum á þremur neðstu böndunum (vinnukonugripunum) er gott að nota ól sem brugðið er utan um hálsinn (ath! gítarhálsinn, hitt gæti reynst örlagaríkt) og strekkt þéttingsfast yfir strengina. Þannig má ferðast upp og niður hálsinn í ýmsum tóntegundum án þess að skipta um fingrasetningar.

5. Keyptu aldrei gítar án þess að leita álits sérfróðra manna því gæði gítarsins fara ekki alltaf eftir verði hans.

6. Ráðlegt er að fjárfesta strax í vandaðri tösku utan um gítarinn, sér í lagi ef hugmyndin er að nota hann í ferðum og útilegum.

7. Gítarinn er viðkvæmur fyrir miklum hitasveiflum. Því skaltu varast að vera með hann úti í miklum kulda. Gítarnum er þó engin hætta búin þótt hann sé brúkaður úti við en þá má ekki stilla honum upp nálægt ofni eða þess háttar þegar inn er komið. Slíkar hitasveiflur geta valdið því að samskeyti fari að springa.

8. Gítarstrengir eru ákaflega mismunandi og er ráðlegt að hafa samráð við sölufólk í hljóðfæraverslunum þegar valdir eru strengir. Mörgum byrjandanum reynist best að byrja með plaststrengjasett. Ástæðan fyrir því er sú að fingurgómarnir særast mjög gjarnan fyrst í stað ef notaðir eru stálstrengir og það getur valdið blöðrum og ýmsum óþægindum. Eins hefur áhrif á val strengjanna í hverskonar spilamennsku á að nota gítarinn og hvers konar gítar er um að ræða.

9. Gítarneglur eru gott hjálpartæki sem hver gítarleikari ætti að kynna sér og ná tökum á notkun þeirra. Gítarneglur eru af tveimur megin gerðum. Annars vegar er um að ræða neglur sem haldið er á milli þumalfingurs og vísifingurs en hins vegar er um að ræða neglur sem rennt er upp á fingurna. Munurinn á þessum tegundum er sá að sú fyrrnefnda er ætluð til ásláttar en sú síðarnefnda er notuð í svokallað "plokk". Fyrrnefnda tegundin er mun algengari og hentar vel til undirleiks í fjöldasöng.

10. Það liggur mikil vinna að baki því að geta spilað á gítarinn og margur hefur gefist upp við fyrstu hindranir. Því er mikilvægt að sýna þolinmæði og gefa sér góðan tíma, æfa sig stutt í einu til að byrja með og einbeita sér að því að ná tökum á grundvallaratriðunum, áður en farið er að reyna við erfið lög.

Mundu að æfingin skapar meistarann !

HVERNIG Á AÐ HALDA Á GÍTARNUM

- Sittu þannig að hægri fóturinn komi yfir þann vinstri.
  Ef þessi staða er óþægileg er ágætt að nota skemil undir hægri fótinn. Mikilvægast er að finna stellingu sem er þægileg og afslöppuð.
- Hægri framhandleggurinn á að hvíla á hliðarbrún breiðari hluta hljómkassans.
- Gættu þess að hægri höndin sé yfir hljóðopinu þannig að hægt sé að horfa á milli strengjanna og handarinnar.
- Gítarhálsinum er haldið með vinstri hendi.

Fingur vinstri handar eru merktir með tölum:

1 = vísifingur
2 = langatöng
3 = baugfingur
4 = litli fingur.

STRENGIRNIR

Bilin á milli málmstrikanna á gripbretti gítarins heita bönd og er 1. band næst stilliskrúfunum.



AÐ STILLA GÍTARINN

Hægt er að stilla gítarinn eftir tveimur megin leiðum. Annars vegar eftir eyranu og hins vegar með notkun hjálpartækis sem heitir á frummálinu "tuner" eða tónstillir. Hér verður gert grein fyrir þessum tveimur megin leiðum.

Eftir eyranu

Tónninn á 5. bandi á H-streng er látinn hljóma eins og E-strengur laus.
Tónninn á 4. bandi á G-streng er látinn hljóma eins og H-strengur laus.
Tónninn á 5. bandi á D-streng er látinn hljóma eins og G-strengur laus.
Tónninn á 5. bandi á A-streng er látinn hljóma eins og D-strengur laus.
Tónninn á 5. bandi á djúpa E-streng látinn hljóma eins og A-strengur.

Með tónstilli

Fyrir óralöngu komu menn sér saman um hvað væri hið rétta A, rétta E o.s.frv. og er tónstillirinn hannaður með tilliti til þess. Hann er útbúinn með hljóðnema sem nemur þann tón sem strengurinn sendir frá sér og með aðstoð mælikvarða og gefur hann til kynna hvort tónninn sé of lár eða of hár.

Á tækinu eru sex mismunandi stillingar, ein fyrir hvern streng og þær eru merktar sérstaklega þeim streng er þær eiga við. Þannig að þegar stilla á t.d. E-streng er stillirofinn einfaldlega stilltur á E og síðan slegið á strenginn. Tónstillirinn nemur hljóðið og gefur til kynna með nál á mælikvarðanum hvort tónninn sé of lár eða of hár og þá annað hvort slakað á strengnum eða hann strekktur.



Tónstillir

Þessi tæki ganga fyrir rafhlöðum og því koma þau að notum þó ekki sé rafmagn á staðnum.

Skátasöngvar og hróp

Efnisyfirlit

Heiti söngs	*númer*
A ni ku ni	1
Austur á Úlfljótsvatni	2
Á Úlfljótsvatni er hopp og hí	3
Ást grær undir birkitré	4
Bakpokinn (Hann ljótur er á litinn)	5
Bjarnastaðabeljurnar	6
Cum-by-yah- my lord	7
Dagsins besta melodí	8
Ef við lítum yfir farinn veg	9
Ef gangan er erfið	10
Ef þú eignast hauskúpu	11
Einn lítill, tveir litlir	12
Enn við reisum tjöld	13
Ég heiti Keli kátur karl	14
Ég langömmu á	15
Ég nestispoka á baki ber	16
Faðir Abraham	17
Fjör í flokk (Er vornætur friður fyllir)	18
Fram í heiðanna ró	19
Guð minn láttu gæsku þín	20
He's got the whole world	21
Hvort sem við erum Jómsvíkingar	23
Hæ-meiri söng	24
Höfuð herðar hné og tær	25
If you are happy	26
Ikki pikki pokki	27
I've got the B-P spirit	28
Komdu á kamarinn	29
Kveikjum eld	30
Líkar þér við minn fjórfætta vin	31
Máninn fullur	32
Með sól í hjarta	33
Mér er mál að pissa	34
My Bonnie	35
Nú er úti norðanvindur	36
Nú skundum við á skátamót	37
Nú suðar undiraldan	38
Rock-a-my-soul	39
Sjá vetur karl	40
Skáti, þú sem gistir hinn græna skóg	41
Sólin skín á fjalla skalla	42
Ta ram tam taram	43
Tendraðu lítið skátaljós	44
Tengjum fastara	45
Tom var ungur	46

Heiti söngs *númer*

Undraland 47
Upp til fjalla 48
Útilegu í 49
Vertu til 50
Við erum skátar 51
Við reisum okkar rekkatjöld 52
Við varðeldana voru skátar 53
Við þrýstum reyknum inn 54
Það er sem gatan glói 55
Þinn hugur svo víða 56
Þú átt skáti að vaka og vinna 57
Þýtur í laufi 58
Þökkum 59
Bræðralagssöngurinn (Vorn hörundslit) 60
Kvöldsöngur kvenskáta (Sofnar drótt) 61

HRÓP

Tjikkalikka 62
Rik - tikk 63
Hatsí 64
BRAVO 65
BRAAVO 66
Skátaklappið 67
Give them the grass 68
Vatsjala 69
Þetta var nú þáttur í lagi 70
Góður, betri, bestur 71
Ha, ha, ha, hí, hí, hí 72
Þetta var nú gott 73
B-R-A er bra 74
P-R-I pri 75
Skátalíf er útilíf 76

1. A NI KU NI

```
    am  E      am
:,: A ni ku ni sja va ni :,:
    dm              am
:,: A va va bi gja na bja i na :,:
    am  E  E7 am
:,: I A uni bi si ni :,:
```

:,: A ni ku ni sja va ni :,:
:,: A va va bi gja na bja i na :,:
:,: I A uni bi si ni :,:

2. AUSTUR Á ÚLFLJÓTSVATNI

Lag: Back to Gilwell Texti: J.O.J.

```
C                  C7       F          C
Austur á Úlfljótsvatni er skátaháskólinn
C                  am           D          G7
eflist þar vor þekking og skátaáhuginn
C                  C7
Vér tengjum líf og leiki
   F               C
og teygum í oss þrótt
   am                 dm      G     C
og ljúfa minning þangað fáum sótt.
G7       C  C7        F
Austur aftur, unaðsland, unaðsland,
       C                G      G7     C
endurnýjum aftur okkar bræðraband.
```

Austur á Úlfljótsvatni er
skátaháskólinn
eflist þar vor þekking og
skátaáhuginn
Vér tengjum líf og leiki og
teygum í oss þrótt
og ljúfa minning þangað fáum sótt.
Austur aftur, unaðsland,
unaðsland,
endurnýjum aftur okkar
bræðraband.

3. Á ÚLFJÓTSVATNI ER HOPP OG HÍ

```
C
Á Úlfljótsvatni er hopp og hí.
                        G
Á Úlfljótsvatni er hopp og hí.

Öll við komum, öll við komum
G7     C
aftur á ný.
```

Á Úlfljótsvatni er hopp og hí.
Á Úlfljótsvatni er hopp og hí.
Öll við komum, öll við komum
aftur á ný.

4. ÁST GRÆR UNDIR BIRKITRÉ

C C7 F C
Ást grær undir birkitré,
F C G
sykur flýtur sem rjómi,
F C G C
fjallatopparnir sýnast gull
G G7 C
ef þú kyssir á tána á Jóni.
F C
Draumur, draumur,
G G7
einn fyrir mig og annar fyrir þig.

Ást grær undir birkitré,
sykur flýtur sem rjómi,
fjallatopparnir sýnast gull
ef þú kyssir á tána á Jóni.
Draumur, draumur,
einn fyrir mig og annar fyrir þig.

5. BAKPOKINN

Texti: T.Þ.

C G
Hann ljótur er á litinn
am em
og líka er striginn slitinn,
F C am
þó bragðast vel hver bitinn
D7 G G7
úr bakpokanum enn.
C G
Á mörgum fjallatindi
am em
í miklu frosti og vindi
F C am
hann var það augnayndi,
dm G C
sem elska svangir menn.

Hann ljótur er á litinn
og líka er striginn slitinn,
þó bragðast vel hver bitinn
úr bakpokanum enn.
Á mörgum fjallatindi
í miklu frosti og vindi
hann var það augnayndi,
sem elska svangir menn.

Hæ, gamli pokinn góði
nú get ég þess í ljóði
að ég var mesti sóði,
sem illa fór með þig.
Ég fól þér allt að geyma,
sem ei varð eftir heima,
og ekki má því gleyma,
að aldrei sveikstu mig.

Nú gríp ég gamla malinn
og glaður held á dalinn,
því óskasteinn er falinn
við Íslands hjartarót.
Ég hlýði á lækjaniðinn
og hlusta á lóukliðinn
og finn í hjarta friðinn
við fjallsins urð og grjót.

6. BJARNASTAÐABELJURNAR

C
Bjarnastaðabeljurnar

þær baula mikið núna.

Þær eru að verða vitlausar,
C7
það vantar eina kúna.
F
Það gerir ekkert til,
C am
það gerir ekkert til,
G G7 C
hún kemur um miðnæturs bil.

Bjarnastaðabeljurnar
þær baula mikið núna.
Þær eru að verða vitlausar,
það vantar eina kúna.
Það gerir ekkert til,
það gerir ekkert til,
hún kemur um miðnæturs bil.

7. CUM-BY-YAH MY LORD

C F C
Cum-by-yah my lord, cum-by-yah
em dm G G7
cum-by-yah my lord, cum-by-yah
C F C am
cum-by-yah my lord, cum-by-yah
F C G C
oh lord, cum-by-yah.

Cum-by-yah my lord, cum-by-yah
cum-by-yah my lord, cum-by-yah
cum-by-yah my lord, cum-by-yah
oh lord, cum-by-yah.

Someone's singing my lord,
cum-by-yah o.s.frv.
Someone's crying my lord,
cum-by-yah o.s.frv.
Someone's praying lord,
cum-by-yah o.s.frv.

8. DAGSINS BESTA MELODÍ

Lag: Schillema-dinke dinke-dink Texti: T.Þ.

C
Dagsins besta melodí,
G
er dirrin dirrin dí, dalnum í.

Hún ómar okkar hjörtum í,
C
við erum frjáls og frí, fögnum því.

C C7
Við syngjum þennan texta,
F
sem finnst engin meining í.
D
Hann er ekkert nema hljómur,
G G7
en samt góður fyrir því.
C
Dagsins besta melodí
G C
er dirrin, dirrin dí, dalnum í.

Dagsins besta melodí,
er dirrin dirrin dí, dalnum í.
Hún ómar okkar hjörtum í,
við erum frjáls og frí, fögnum því.

Við syngjum þennan texta,
sem finnst engin meining í.
Hann er ekkert nema hljómur,
en samt góður fyrir því.
Dagsins besta melodí
er dirrin, dirrin dí, dalnum í.

Schillema dinke - dinke - dink,
Schillema dinke - dú, ég og þú.
Schillema dinke - dinke - dink,
Schillema dinke - dú, ég og þú.

Við förum út í skóginn,
þegar grænkar allt og grær,
og glaðlega í laufi trjánna
vorið blessað hlær.

9. EF VIÐ LÍTUM YFIR FARINN VEG

Texti: Har. Ól.

C C7
Ef við lítum yfir farinn veg og
F
finnum gamla slóð,
C A D G
færast löngu liðnar stundir okkur nær.
C C7
Því að margar standa vörður þær,
F
sem einhver okkar hlóð,
C am dm G C
uppi um fjöll þar sem vorvindurinn hlær.

Ef við lítum yfir farinn veg og
finnum gamla slóð,
færast löngu liðnar stundir okkur nær.
Því að margar standa vörður þær,
sem einhver okkar hlóð,
uppi um fjöll þar sem vorvindurinn hlær.

dm G7 C
Öll þau yndisfögru kvöld okkarlitlu
skátatjöld,
A
eru gömlum skátum endurminning
D7 G7
kær

C C7.
Þegar varðeldarnir seiða og við
F
syngjum okkar ljóð,
C am dm G7 C
suðar fossinn og töfrahörpu slær.

10. EF GANGAN ER ERFIÐ

Texti: T.Þ.

C C7 F C
Ef gangan er erfið og leiðin er löng
G D7 G G7
vér léttum oss sporið með þessum söng
C C7 F C
Ef þung reynist byrðin og brekkan er há
G G7 C C7
brosum, brosum krakkar þá.
F
Þótt bylji hríð
C am
og blási kalt
D D7 G G7
brosið er sólskin sem vermir allt
C C7 F C
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís
G G7 C
brosum þá er sigur vís.

Ef gangan er erfið og leiðin er löng
vér léttum oss sporið með þessum söng
Ef þung reynist byrðin og brekkan er há
brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hríð
og blási kalt
brosið er sólskin sem vermir allt
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís
brosum þá er sigur vís.

11. EF ÞÚ EIGNAST HAUSKÚPU

Texti: J.O.J.

C
Ef þú eignast hauskúpu, hauskúpu,
G
hauskúpu, kæri Helgi.
G7
þá sendu mér hana suður í stórum
C
kæfubelgi.
C7 F dm
Hún á að gefast gömlum fant,
G G7 C
það er svo ægilega elegant, elegant,
elegant.

framhald →

þá sendu mér hana suður í stórum kæfubelgi.
Hún á að gefast gömlum fant,
það er svo ægilega elegant, elegant, elegant.

Mikið er mýbitið, mýbitið austur á Úlfljótsvatni.
Og mæta lítil von um að honum Bjössa batni.
Hann Jónas B. er jafnan þar.
Ég vildi að hann yrði þar til eilífðar, eilífðar, eilífðar.

Hvenær kemur hann, kemur hann, kemur hann kæri Dandi,
úr þessu ástandi í annarra manna landi.
Það versta er að búa þar,
þessir frægu barnaræningjar, ræningjar, ræningjar.

Við lifum hér í sátt sem systur og bræður,
og hér eru allir fyrir einn og einn fyrir alla sem ræður.
Því að ein sér stjórn um allra hag,
og kippir því, sem þarf í lag, bandalag, bandalag.

12. EINN LÍTILL, TVEIR LITLIR

C
Einn lítill, tveir litlir, þrír litlir skátar
G
fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir skátar
C
sjö litlir, átta litlir, níu litlir skátar
G7 C
tíu litlir skátar við varðeld

Einn lítill, tveir litlir, þrír litlir skátar
fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir skátar
sjö litlir, átta litlir, níu litlir skátar
tíu litlir skátar við varðeld

Tíu litlir, níu litlir, átta litlir skátar
sjö litlir, sex litlir, fimm litlir skátar
fjórir litlir, þrír litlir, tveir litlir skátar
einn lítill skáti við varðeld.

13. ENN VIÐ REISUM TJÖLD

Lag: I'm going to leave Texti: T.Þ.

C
Enn við reisum tjöld
þegar kemur kvöld,
G
uppi í fögrum dal,
C
inni í fjallasal.

1. Enn við reisum tjöld
þegar kemur kvöld,
uppi í fögrum dal,
inni í fjallasal.

2. Þar sem birkið grær
upp við bergsins rót,
þar er blómafjöld,
þar er urð og grjót.

3. Og þar suðar lind
og þar syngur á
lag um sól og vor
og um fjöllin blá.

4. Þetta land er þitt,
það er hreint og bjart.
Þetta land er mitt,
það við eigum allt.

5. Enn við kveikjum eld
þegar kemur kveld,
uppi í fögrum dal,
inni í fjallasal.

14. ÉG HEITI KELI KÁTUR KARL

C G7
Ég heiti Keli kátur karl
C
og kraftajötunn er
C7
og þegar ég fer út
F dm
hrökkva allir í kút
G G7 C
ég heiti Keli kátur karl
G7 C
tra lalalalala.

Ég heiti Keli kátur karl
og kraftajötunn er
og þegar ég fer út
hrökkva allir í kút
ég heiti Keli kátur karl
tra lalalalala.

Lagið er gjarnan sungið 4 sinnum yfir og í fyrstu 3 skiptin er raddstyrkurinn minnkaður stig af stigi og í síðasta skiptið er sungið fullum hálsi.

15. ÉG LANGÖMMU Á

C G
Ég langömmu á sem að létt er í lund,
C
hún leikur á gítar hverja einustu stund.
C7 F
Í sorg og í gleði hún leikur sitt lag,
G G7 C
jafnt sumar sem vetur, jafnt nótt sem dag.

1. Ég langömmu á sem að létt er í lund,
hún leikur á gítar hverja einustu stund.
Í sorg og í gleði hún leikur sitt lag,
jafnt sumar sem vetur, jafnt nótt sem dag.

2. Dag einn er kviknaði í húsinu þar,
og brunaliðsbíllinn kom æðandi að
og eldurinn logaði um glugga og göng,
sat sú gamla uppi á þaki og spilaði og söng.

3. Í Súðinni var hún er siglt var í strand,
með síðasta skipsbátnum komst hún í land.
Í svellandi brimi var sjóleiðin ströng,
sat sú gamla upp á þaki og spilaði og söng.

4. En nú er hún amma liðin á braut,
liðin í burtu frá sorgum og þraut.
Ég gekk eitt sinn þangað sem greftruð hún var,
frá gröfinni heyrði ég að ómaði lag.

16. ÉG NESTISPOKA Á BAKI BER

C
Ég nestispoka á baki ber
G
og bregð mér upp á fjöll,
G7 C
og fjöldi álfa fagnar mér
dm G C
og ferleg hamraröll.
G7 C
Holla rí, holla ra,
G7 C
holla rí, holla ra, ha ha ha ha ha.
G7 C
Holla rí, holla ra,
dm G7 C
holla rí, ha ha ha ha.

Ég nestispoka á baki ber
og bregð mér upp á fjöll,
og fjöldi álfa fagnar mér
og ferleg hamraröll.

Holla rí, holla ra, o.s.frv.

Þau þekkja skátans skyrtu og klút,
og skátans ferðasnið,
og kalla á hann: - komdu út,
já komdu, komið þið.

Holla rí, holla ra, o.s.frv.

Svo líða dagar, líða ár,
og lítill verður stór;
en oft man halur hærugrár
hvar hann sem drengur fór.

Holla rí, holla ra, o.s.frv.

17. FAÐIR ABRAHAM.

C
Faðir Abraham og hans skátar,
G
og hans skátar faðir Abraham
og þeir átu kjöt
og þeir drukku öl
G7 C
og þeir skemmtu sér mjög vel
G
hægri hönd...o.s.frv.

Faðir Abraham og hans skátar,
og hans skátar faðir Abraham
og þeir átu kjöt
og þeir drukku öl
og þeir skemmtu sér mjög vel
hægri hönd...o.s.frv.

Eftir fyrsta skiptið er hægri hendi slegið á lærið, svo bætist vinstri hendi við, þá fæturnir, fyrst sá hægri og síðan sá vinstri. Því næst er höfuðið hrist og að lokum allur búkurinn.

18. FJÖR Í FLOKK

Lag: Hreðavatnsvalsinn Texti: baá

C G7 C C7
Er vornæturfriður fyllir
F C
oss rómantík upp í háls
F C A
þá finnst okkur gott að fara út
D7 G7
og vera aftur frjáls.
C G7 C C7
Skólinn er loksins búinn
F C
við söknum hans ekki hót,
F
söfnumst því saman
C A
með FJÖR Í FLOKK
D G7 C
á skemmtilegt skátamót
C
Í bræðralagsboga
við víkur og voga
hér vinir sjást á ný
G7
fagna aftur því
G7 C
að heyra dirrindí
F
Með FJÖR Í FLOKK vinnum
C
starfsverkefnum sinnum
G G7 C C7
í samvinnu brosandi og hress
F
Á næturnar hrjótum
C A
en daganna njótum
D G7
sprellfjörug og laus við allt stress.
C
Já við munum sanka
í minningabanka
miklu í okkar sjóð
G
látum endast vel
G7 C
eflum vinarþel.

framhald

1. Er vornæturfriður fyllir
oss rómantík upp í háls
þá finnst okkur gott að fara út
og vera aftur frjáls.

2. Skólinn er loksins búinn
við söknum hans ekki hót,
söfnumst því saman
með FJÖR Í FLOKK
á skemmtilegt skátamót.

3. Í bræðralagsboga
við víkur og voga
hér vinir sjást á ný
fagna aftur því
að heyra dirrindí.

4. Með FJÖR Í FLOKK vinnum
starfsverkefnum sinnum
í samvinnu brosandi og hress
Á næturnar hrjótum
en daganna njótum
sprellfjörug og laus við allt stress.

5. Já við munum sanka
í minninga-banka
miklu í okkar sjóð
látum endast vel
eflum vinar-þel.

19. FRAM Í HEIÐANNA RÓ

Texti: Fr. A. Fr.

C C7
Fram í heiðanna ró
F fm
fann ég bólstað og bjó,
C am dm G7
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
C C7
Þar er vistin mér góð,
F fm
aldrei heyrist þar hnjóð,
C G7 C
þar er himinninn víður og tær.

Viðlag:
G G7 C
Heiðarból ég bý,
am dm G7
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
C C7
Þar er vistin mér góð,
F fm
aldrei heyrist þar hnjóð,
C G7 C
þar er himinninn víður og tær.

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Viðlag:
Heiðarból ég bý,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað með spyrjandi þrá.
Skyldi dýrðin í geim
bera af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Þetta loft er svo tært,
finnið þytmjúkan þey
hve hann þyrlar upp angan úr mó.
Nei, ég vildi ekki borgir
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

20. GUÐ MINN LÁTTU GÆSKU ÞÍNA

Lag: Ó, þá náð að eiga Jesú Texti: H.T.

C C7 F
Guð minn láttu gæsku þína
C G7
glæða kærleik minn og trú.
C C7 F dm
Lát mig alla ævi mína
C G7 C
í öllu breyta er vildir þú.
G C C7
Gef ég verði sannur skáti
F C D G7
sólskinsbarnið þitt á jörð.
C C7 F dm
Svo að lokum þú mig látir
C G G7 C
ljóma skært í þinni hjörð.

Guð minn láttu gæsku þína
glæða kærleik minn og trú.
Lát mig alla ævi mína
í öllu breyta er vildir þú.

Gef ég verði sannur skáti
sólskinsbarnið þitt á jörð.
Svo að lokum þú mig látir
ljóma skært í þinni hjörð.

21. HE'S GOT THE WHOLE WORLD

C
He's got the whole world in his hands
G
He's got the whole wide world in his hands
C
He's got the whole world in his hands
G G7 C
He's got the whole world in his hands

He's got the whole world in his hands
He's got the whole wide world in his hands
He's got the whole world in his hands
He's got the whole world in his hands

23. HVORT SEM VIÐ ERUM JÓMSVÍKINGAR

Lag: Whether we are from the hills of Highgate

C
Hvort sem við erum Jómsvíkingar,
G7
Birkibeinar, Sturlungar.

Hvort við erum Jórvíkingar,
C G7
eða Skjöldungar.
C
Allir við erum skátabræður,
C7 F
okkar hugsjón hún er slík.
C am
Með sanni við getum sagt það eitt:
dm G7 C
Við erum frá Reykjavík.

Hvort sem við erum Jómsvíkingar,
Birkibeinar, Sturlungar.
Hvort við erum Jórvíkingar,
eða Skjöldungar.
Allir við erum skátabræður,
okkar hugsjón hún er slík.
Með sanni við getum sagt það eitt:
Við erum frá Reykjavík.

Flautað.

Hvort sem við erum Kvenskör-
ungar,
Kríur, Spætur, Pilsvargar.
Uglur eða Ugluungar,
eða sætar Sóleyjar.
Allar erum skátasystur,
og erum í því ástandi,
að syngja daginn út og inn
og vera frá Íslandi.

24. HÆ MEIRI SÖNG

Lag: Blaze away Texti: T.Þ.

Hæ - meiri söng og meira yndi,
meira táp og meira fjör,
meiri störf með ljúfu lyndi,
Meira líf og oftar hlýlegt bros á vör.
Stöndum öll und' einu merki,
stuðlum öll að einu verki,
þá rís landsins stóri sterki
stofn með nýjum glæsibrag.

Vinnum því Íslandi allt er við megum
og eflum þjóðarhag,
færum því dýrustu fórn er við eigum
að fótum sérhvern dag.
Vinnum því Íslandi allt er við megum
og eflum þjóðarhag.

Við skátar hér,
við skátar þar,
við skátar allstaðar!

framhald →

C F C
Hæ - meiri söng og meira yndi,
G7
meira táp og meira fjör,
C am
meiri störf með ljúfu lyndi,
D G7
Meira líf og oftar hlýlegt bros á vör.
C F C
Stöndum öll und' einu merki,
dm
stuðlum öll að einu verki,
F C am
þá rís landsins stóri sterki
D G7 C
stofn með nýjum glæsibrag.

C
Vinnum því Íslandi allt er við
megum
G7
og eflum þjóðarhag,
færum því dýrustu fórn er við
eigum
C
að fótum sérhvern dag.
Vinnum því Íslandi allt er við
megum
G7
og eflum þjóðarhag.
D
Við skátar hér,
við skátar þar,
D7 G7
við skátar allstaðar!

25. HÖFUÐ HERÐAR HNÉ OG TÆR.

C
Höfuð herðar hné og tær hné og tær
G7
höfuð herðar hné og tær hné og tær
C C7 F dm
augu eyru munnur og nef
G G7 C
höfuð herðar hné og tær.

Höfuð herðar hné og tær hné og tær
höfuð herðar hné og tær hné og tær
augu eyru munnur og nef
höfuð herðar hné og tær.

26. IF YOU ARE HAPPY

C
If you are happy and you know it,
G
clap your hands
G7
If you are happy and you know it
C C7
clap your hands
F
If you are happy and you know it,
C am
then you really ought to show it,
dm G7
if you are happy and you know it,
C
clap your hands

Þegar textinn er sunginn er hermt eftir eins og textinn segir til um; klappað saman höndunum, fótum stappað, klappað á höfuðið, fingrunum smellt, hrópað og að lokum eru allar hreyfingarnar teknar í einu.

If you are happy and you know it,
clap your hands
If you are happy and you know it
clap your hands
If you are happy and you know it,
then you really ought to show it,
i you are happy and you know it,
clap your hands

- If you are happy and you know it step your feet
- If you are happy and you know it, clap your head.
- If you are happy and you know it, snap your fingers.
- If you are happy and you know it, say youh huh. Youh huh.
- If you are happy and you know it, do all five.

27. IKKI PIKKI POKKI

C
Ikki pikki pokki,
G7 C
kalli jolley, kalli jolley, kalli jolley.

Ikki pikki pokki,
G7
kalli jolley, kalli jolley,
C
o, hey.

O, hey, sen tulli wei.
G7 C
Oh, hey sen tulli wei.

Ikki pikki pokki,
kalli jolley, kalli jolley, kalli jolley.
Ikki pikki pokki,
kalli jolley, kalli jolley,
o, hey.
O, hey, sen tulli wei.
Oh, hey sen tulli wei.

28. I'VE GOT THE B-P SPIRIT

C
I 've got the B-P spirit

right in my head,
G7
right in my head,
C
right in my head.

I 've got the B-P spirit

right in my head,
G7
right in my head
C
to stay.

I 've got the B-P spirit
right in my head,
right in my head,
right in my head.

I 've got the B-P spirit
right in my head,
right in my head
to stay.

29. KOMDU Á KAMARINN

C G7 C
Komdu á kamarinn
E F
kæri Óli minn
dm F G7
við skulum vinurinn
dm G7 C
vanda niðurganginn
G C
svo þegar allt búið er
C7 F
við örkum með það út í hver

því hellingur er
C am
af höfðingjum hér
G7 C
sem að hægja þurfa sér.

Komdu á kamarinn
kæri Óli minn
við skulum vinurinn
vanda niðurganginn
svo þegar allt búið er
við örkum með það út í hver
því hellingur er
af höfðingjum hér
sem að hægja þurfa sér.

30. KVEIKJUM ELD

Texti: Árni úr Eyjum

C C7
Kveikjum eld, kveikjum eld
F dm
kátt hann brennur.
G G7
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
C G
syngjum dátt.
C C7
Örar blóð, örar blóð,
F dm
um æðar rennur.
G G7
Blikar glóð, blikar glóð,
C
brestur hátt.
C7 F
Hæ, bálið brennur,
C
bjarma á kinnar slær.

Að logum leikur
am D G7
ljúfasti aftanblær.
C C7
Kveikjum eld, kveikjum eld,
F dm
kátt hann brennur.
G G7
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
C
syngjum dátt.

Kveikjum eld, kveikjum eld
kátt hann brennur.
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
syngjum dátt.
Örar blóð, örar blóð,
um æðar rennur.
Blikar glóð, blikar glóð,
brestur hátt.
Hæ, bálið brennur,
bjarma á kinnar slær.
Að logum leikur
ljúfasti aftanblær.
Kveikjum eld, kveikjum eld,
kátt hann brennur.
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
syngjum dátt.

31. LÍKAR ÞÉR VIÐ MINN FJÓRFÆTTA VIN

Texti: I.Á.

C
Líkar þér við minn fjórfætta vin,
því að amma hans er ef til vill
G
önd,
sem syndir í sefinu í kring,
C F G7
þegar sólin gægist fram.
C
Og nú heldurðu að sagan sé öll.
Og það er hún.

Líkar þér við minn fjórfætta vin,
því að amma hans er ef til vill önd,
sem syndir í sefinu í kring,
þegar sólin gægist fram.
Og nú heldurðu að sagan sé öll.
Og það er hún.

32. MÁNINN FULLUR

am
Máninn fullur fer um heiminn
E *am*
fagrar langar nætur.

Er hann kannski að hæða heiminn
E *am* *G7*
hrjáðan sér við fætur?
C
Fullur oft hann er,
G *E7*
það er ekki fallegt, ónei, það er ljótt
am *E* *am*
að flækjast hér og flakka þar á fyllirí um nætur.

Máninn fullur fer um heiminn
fagrar langar nætur.
Er hann kannski að hæða heiminn
hrjáðan sér við fætur?
Fullur oft hann er,
það er ekki fallegt, ónei, það er ljótt
að flækjast hér og flakka þar á fyllirí
um nætur.

33. MEÐ SÓL Í HJARTA

Lag: You are my sunshine Texti: rjóh.

C *C7*
Með sól í hjarta og söng á vörum
F *C* *C7*
við setjumst niður í grænni laut,
F *C* *am*
í lágu kjarri við kveikjum eldinn,
C *G7* *C*
kakó hitum og eldum graut.

Með sól í hjarta og söng á vörum
við setjumst niður í grænni laut,
í lágu kjarri við kveikjum eldinn,
kakó hitum og eldum graut.

Enn logar sólin á Súlnatindi,
og senn fer nóttin um dalsins kinn,
og skuggar lengjast og skátinn
þreytist,
hann skríður sæll í pokann sinn.

Og skáta dreymir í værðarvoðum
um varðeld, kakó og nýjan dag.
Af háum hrotum þá titra tjöldin,
í takti, einmitt við þetta lag.

34. MÉR ER MÁL AÐ PISSA.

C
:,: Mér er mál að pissa

elsku mamma mín
G7
flýttu þér að koma
C C7(aðeins í seinna
með koppinn inn til mín :,: skiptið)
F
:,: Flýttér flýttér
C
annars kemur það
G7
elsku besta mamma mín
C C7 (aðeins í fyrra skiptið)
það verður voða bað :,:

:,: Mér er mál að pissa
elsku mamma mín
flýttu þér að koma
